

Fundur Hverfisnefndar Brekku og Innbæjar nr.34 þann.6. apríl 2009,
Fundartími 20:30 til 22:00 í Brekkuskóla.

Mættir á fundinn voru: Bergljót Þrastardóttir, Anna Kristveig Arnardóttir og Viktoria Gestsdóttir.

Eftirfarandi efni voru tekin fyrir.

1. Hverfisnefndakaffi yfirfarið

- Hverfakaffi tókst mjög vel u.þ.b. 50 manns mættu á fundinn.
- Nemendur í 10. bekk í Brekkuskóla bökuðu vöflur og buðu upp á kaffisopa og eiga þeir hrós skilið fyrir veitingarnar.
- Pétur Bolli skipulagsstjóri bæjarins fjallaði um skipulagsmál innan bæjarins í heild.
- Guðmundur Sigurðsson frá verkfræðistofunni Mannviti kynnti hugmyndir að reiðhjólástígum og skipulagi þeirra mála.
- Fundargerðin mun birtast á vefsíðu Akureyrarkaupstaðar innan skamms. Fundurinn reyndist kjörinn vettvangur til að hverfisnefndafólk hittist og íbúum gefinn kostur á að spyrja stjórnendur um þau mál sem brenna á þeim.
- Nefndin sammála um að þetta fyrirkomulag hafi verið mjög gott og tilefni til að endurtaka leikinn næsta vetur.

2. Aðalfundur nefndarinnar

- Ákveðið að halda aðalfund að hausti í ár og hafa hann stærri en vanalega.

3. Óskalisti nefndarinnar

- Ekkert bólar á svörum við framkvæmda-/óskalistanum sem sendur var bænum í haust þrátt fyrir óskir um svör. Sömu sögu er að segja af fleiri óskalistum.

Fleira ekki tekið fyrir.

Bergljót Þrastardóttir, formaður